

Svavar Sigmundsson

Austfirsk örnefni

Góðir málþingsgestir.

Ég ætla að stikla á nokkrum örnefnum sem hafa þá sérstöðu að vera að mestu eða öllu bundin við Austurland og Stefán Einarsson fjallar um með einhverjum hætti í skrifum sínum. Að síðustu ætla ég að ræða um hugsanlegt hlutverk Breiðdalasseturs í skráningu örnefna á Austurlandi á vefnum.

Stefán safnaði örnefnum í 8 hreppum í Suður-Múlasýslu og 4 hreppum í Norður-Múlasýslu sumarið 1957 og hafði til þess amerískan styrk. Sumarið 1961 skráði hann í 6 hreppum í Norður-Múlasýslu og í Austur-Skaftafellssýslu. En í bréfum frá honum frá 1930-1931 kemur fram að hann var farinn að huga þá þegar að örnefnum hér eystra. Í ritinu Breiðdælu, Drögum til sögu Breiðdals, sem kom út 1948 skrifaði Stefán upphafskaflann, Landnáms- og byggðasögu Breiðdals. Þar nefnir hann ýmis örnefni í Breiðdal og veltir fyrir sér skýringum á þeim. Stefán skrifaði annars greinar um örnefni í tímaritið Modern Language Notes um nafnið Enta (í Entujökull) 1952, Bjólfur and Grendill in Iceland 1956, og Beowulfian Place Names in East Iceland 1961. Einnig skrifaði hann um Goðaborgir á Austurlandi í Lesbók Morgunblaðsins 1967. Stefán lét eftir sig tvær greinar sem hann sendi til birtingar í Árbók Hins íslenska fornleifafélags, Einkennileg örnefni á Austfjörðum og Einkennileg örnefni í Austur-Skaftafellssýslu og Úthéraði, en þær birtust ekki.

Hult - Hultrar

Orðið *hult* (h og kv) (flt. hultir, hultrar) merkir 'hjallakvos' eða 'hvilft í fjall' einnig 'lægð, smádokk' og kemur helst fyrir sem örnefni sunnan til á Austfjörðum, **Hult** í Grænanesi, Sandvík og Hellisfirði í Norðfjarðarhr., í Viðfirði og á Hálsi í Búlandshri. í S-Múl. Flt. **Hultir** (kv) eru beggja vegna við Nónskarð í Norðfirði (Árbók 2005, 99, 101 mynd). Merkingin er talin hér 'hulin pláss, leyningar eða hvörf' (Árbók 2005, 83, 96, 105). **Hultra** (flt. **Hultrur**) eða **Hultrar** (kk flt.) er nafn á hjöllum eða berghlaupi í Hálsþinghá í Búlandshri. í S-Múl. (Mynd í Árbók 2002, 88). Sömuleiðis er það nafn á rákum og klettabelti í Breiðatindi í Álfafirði í S-Múl. (Mynd í Árbók 2002, 67). (Sbr. Eiríkur Sigurðsson 1972, 21-25).

Í sóknalýsingu Hofs- og Hálssókna 1840 skrifar sr. Jón Bergsson: „Hálsfjallið sunnan megin er mikið hnausótt með djúpum gjótum í milli sem kallast Hultrar. Neðan fram þessara Hultra er brattlendi allt niður að firðinum, ...“ (528)

Ríkarður Jónsson myndhöggvari lýsti Hultrum í Hálslandi þannig í bréfi til Stefáns:

„Sunnan í Hálsfjalli við Hamarsfjörð eru tveir skálmyndaðir hjallar , er Hultrar heita; heitir neðri hjallinn og hinn meiri, Lághultrar, en Háhultrar sá efri, og er sá hjallinn miklu mjórri, en nær þó skálmyndun nokkurri með misháu klettariði framanvið.“

Í Árbók 1955 segir Stefán að í Hultrabrúnum í Hálslandi sé örlítill ylgra í jörðu, og örli þar stundum fyrir gufu úr holurð, þegar hreinviðri sé á vetrum. (49). (Hér má nefna að no. ylgra er ekki í orðabókum, aðeins so. ylgra ,velgja‘. Á Suðurlandi hefðum við sagt volgra.)

Stefán segist ekki hafa rekist á aðra Hultra á yfirreið sinni um Austfirði en þá er líka að finna í Breiðatindi í Álftafirði eins og áður segir. Hinsvegar segir hann frá Hult sem sé á kortum norðvestan í Viðfjarðarmúla og virðist þar vera sveigur í fjallinu. Vöðlavíkurmenn könnuðust við það en töldu Hultaskarð liggja yfir málann milli Viðfjarðar og Hellisfjarðar en það hafi verið stysta leið fyrir þá að fara af Dys til Hellisfjarðar. Heimildarmenn Stefáns í Vöðlavík voru bændur á Karlsstöðum, Guðmundur Guðnason úr Breiðdal og mágur hans innfaeddur. Þeir sögðu að Hult væru grasmóar og „mynduðu duldar lautir“, jafnvel líka nefndar í flt. Hultir. Hult eru líka á hjallabréu eða ofan við hana fremst í Súlnadal sunnan eða suðaustan við Viðfjörð líka í sveif suður og upp úr Sandvík beggja vegna við Sandvíkurá. Guðmundur Magnússon smiður á Norðfirði segir í örnefnaskrá um Barðsnes, að ofan við alla hjalla í austurfjallinu taki við skeifumyndaðar klettabrýr og neðan undir þeim mest grjóturðir. Það sé einu nafni kallað Hult.

Stefán segir í framhaldi af þessu: „Ekki er að efa það að Hult í Norðfirði gæti verið sánska orðið sem svarar til holts í íslensku og þýðir upphaflega skógur. ... Þó er mér grunur á að Hultin, Hultirnar, Hultrarnir og Hulturnar kunni að vera í ætt við sögnina að hylja og mætti kalla þessa staði hulin pláss. Myndi þau svo kölluð af því að þau væri í hvarfi heiman frá bæjunum. Væru þau þá hliðstæð mörgum Hvörfum fyrir austan, einkum þar sem menn hverfa fyrir næstu hjallabréu í fjöllum. Mér virðast þessi þrjú pláss sem hér hefur verið lýst hafa það sameiginlegt. Enn væri hugsanlegt að þetta væri breyttar myndir af hvilft - vi- hafi orðið u-.“ (Einkennileg örnefni á Austfjörðum, 6,2).

Ásgeir Blöndal Magnússon nefnir kvk. hultra í merk. ,hol, hulda‘ frá 19. öld og að það muni líklega skylt Hult h og kv. og Hultrar k.fl. sem örnefni, „hjallakvosir eða hvilftir (í fjöllum). Þá bendir hann á orðið hylt kv. eða hylti h. sem kemur fyrir í texta á 18. öld, líkl. frá því fyrir 1720, þar sem stendur: „í hyltunum við Kásá (= Kálfsá?)“, sé líklega víxlmynd við hult og merki þá ,kvos eða laut“ (388, 404). Textinn er Gestur (og) garðbúi, e.k. leikrit eða samtal eftir

sr. Einar Hálfdanarson á Prestbakka á Síðu og á að sýna talshætti í Skaftafellssýslu.

Orðið hult er í mörgum örnefnum á Norðurlöndum bæði eitt sér og í samsetningum. Grunnmerking þess í örnefnum er vafalítið ,skógur (af ýmsu tagi), óháð stærð og gerð^c. Lítill hluti –hult-nafna er talinn vera frá víkingaöld en flest frá miðöldum. Í Noregi er orðið holt ýmist í merkingunni skógur, skógarlundur eða „haug, bakke (ofte steinut og ujamn)“ svipað og holt hér á landi. Á tveim stöðum í Noregi eru dæmi um hult, Ulvik í Hörðalandi og Andebu á Vestfold (NSL, 220).

Stefán segir í Árbók 1955 um hjallalandslagið í Norðfirði þar sem Hult eða Hultir eru: „þar leizt mér svo til, að hultin væri hærra en svo í fjöllunum, að líklegt væri að að þau hefði getað verið skógi vaxin.“ (49nm).

Niðurstaða mín af þessum athugunum er sú að örnefnin Hult og Hultra séu ekki skyldar holti en séu hliðarmyndir við hvilft, eins og Stefán nefnir, þá hvilft, hylt(i), hult, sbr. hliðstæður eins og lo. *kvírr, kyrr, kjur.

blá Orðið merkir ‘mýri, svæða, flói þar sem gras stendur upp úr vatni’, er til í Öxarfirði í N-Þing. og við Gömlu-Grímsstaði, en aðallega bundið við Austurland og er algengt í örnefnum, t.d. Gerðisblá í Vopnafirði, Dýjablá í Borgarfirði, Hallfreðarstaðablá í Hróarstungu, Blá í Skriðdal. Blá er nefnd í Árbók 2005 á þremur stöðum, á Stuðlum í Reyðarfirði, í Hellisfirði og Skálateigi í Norðfirði, svo að dæmi séu tekin. Blá er einnig til í A-Skaft og í Meðallandi og Álfavéri í V-Skaft. (Jónína Hafsteinsdóttir, Orð og tunga 6, 56).

Elsta dæmi um orðið blá er frá árinu 1599, þar sem í Alþingisbók (III, 159) er Dómur um þrætuland kallað Blá, eða Kleifarblármál.

Sögnin blá merkir ,fljóta, flæða yfir^c: áin bláir uppi, þ.e. vatn rennur ofan á ís. Ásgeir Blöndal segir að orðið sé ekki til í þessari veru á norrænu málsvæði og sé næplega af lýsingarorðinu blár en fremur skylt blautur, sbr. lat. fluo ,streyma^c (61).

mell Orðið merkir 'sand- eða malborinn jarðvegur; smáhæð eða hóll' á Austurlandi. Stefán segir um þetta: „Þar sem ég óx upp í Breiðdal, sögðu sumir menn melur, aðrir mell, til dæmis Króarmelur eða Króarmell, en úr því að Héraðsbúar frá Völlum og Fellum og út úr segja yfirleitt mell, svo og Fáskrúðsfirðingar og og Reyðarfirðingar, þykir mér líklegt að mell hafi tíðkast í hinu forna verzunarumdæmi Reyðarfjarðar, en melur í verzunarumdæmi Djúpavogar, en því fylgdi líka Breiðdalur og Stöðvarfjörður.“ (Einkennileg örnefni í Austur-Skaftafellssýslu og Úthéraði, [2]. Í A-Skaft. þekkist þó mell,

t.d. Kálfsmell í Stafafelli í Lóni. Hér hefur orðið samlögun 1 og r í orðinu melr að fornu. Sbr. einnig að *stólr hefur orðið stóll í íslensku, en aftur stólur í færeysku. Ásgeir Blöndal telur að samlögunin hafi orðið vegna þess að orðið hafi verið langstofna, *melha-R en annars átti samlögun ekki að hafa orðið (614). Hins vegar eru til dæmi sem benda til þess að samlögun hafi átt sér stað í stuttstofna orðum, t.d. tell f. telr (telur) í hdr. (ábending Aðalsteins Hákonarsonar), sbr. og að orðmyndin hill (hyll) f. hylr (hylur) er skráð hér austanlands (sjá erindi Guðrúnar Kvaran) og Ásgeir Blöndal (404).

gjót Orðið merkir 'holá, gjóta', og er útbreiðsla þess allt frá Fellum í N-Múl. og suður um undir Eyjafjöll í Rang. og út í Vestmannaeyjar. Gjót er í Vöðlavík, Pálsbjót í landi Blómsturvalla í Fljótshverfi í V-Skaft. og Kaplagjót í Vestm. (Árbók 2005, 81).

kálkur Orðið er notað fyrir héraðshluta eða landskjálka, t.d. **Dalakálkur** í Mjóafirði. Í manntalinu 1703 er nefndur **Fljótsdalshreppskálkur**. Kálkur er í Eskifirði í S-Múl. (sbr. Guðrún Kvaran 2011, 81). Landtengd eyja með þessu nafni er í Útlandi við Djúpavog. Í Þvottáreyjum í S-Múl. eru **Kálkar**, „klettabelti langa með sjóarmáli án grasvegs.“ (Jón Bergsson, 535). Í A-Skaft. var Holtaþingsókn skipt í 4 kálka, **Lónkálk**, **Nesjakálk**, **Mýrnakálk** og Fellshverfi, skv. jarðabók Ísleifs Einarssonar 1708-09. Í V-Skaft. voru líka nefndir þrír kálkar í manntalinu 1703 (451-454) og örnefnin Kálkháls og Kálkafit eru í Álftaveri. Orðið kálkur merkir þá ,landspilda meðfram fjarðarströnd eða í dal“. Orðið er sennilega skylt orðinu kjálki.

Kækjuskörð eru stórgrytt dalskora milli Borgarfjarðar eystri og Loðmundarfjarðar í N-Múl. Elsta mynd nafnsins er Kækiskörð sem kemur fyrir í Flateyjarannálum (A) frá því laust fyrir 1400. Þar segir: „setid fyrir sira Pálli Þorsteinssyni i Kækiskordum ok særdir menn fyrir honum af Joni kyrli.“ (Islandske annaler, 410-411). Ásgeir Blöndal nefnir örnefnið Kækja sem árheiti en segir ekki hvar hún er. Nafnið merkir líklega 'hin hlykkjótt eða tilbrigðasama', skylt kækur 'gretta, vprur' (536). Sigurjón Páll Ísaksson telur að keltneska orðið caigeann sem getur þytt ,tvær skepnur bundnar saman‘ eða ‘ógreiðfær fjallvegur, hlykkjótt slóð‘ sé að baki örnefninu. (Múlaþing 32, 23-28), sbr. færeyska orðið kökja í fyrri merkingunni. Áin sem rennur um Kækjudal er nú nefnd Kækjudalsá, en hugsanlegt er að hún hafi verið nefnd Kækja. Kækjudalur er „þróng og grýtt dalskora með brattri brekku fyrir dalstafni.“ (Árbók 1955, 90). Hjörleifur Guttormsson fellst á skýringu Ásgeirs Blöndals, „fremur örðug og hlykkjótt leið“ (Árbók 2008, 70).

Slenja er á í Slenjudal inn af Mjóafirði í S-Múl., kemur úr Slenjuvatni (Árbók 2005, 166). Merking gæti verið 'sú hæga', sbr. slen. Þar er einnig Slenjufell/fjall. Slenjumaður merkti ,liðleskja, letingi‘, en orðið slenja ,vökvi, slím; legvatn úr

kú‘, og í samsetn. slenjuhríð ,bleytuhríð‘, slenjuveður ,rigning með strekkingi‘ (Ásgeir Blöndal Magnússon, 892).

Hempa eða Heppa

Örnefnið kemur fyrir a.m.k. á tveimur stöðum á landinu: Annars vegar stór tangi, sem gengur austur úr Hafnarkaupstað, í landi Hafnarness, láréttur hóll að ofan, þverhníptir klettar að sunnan, en hallar til norðurs og er þar lágur. Aðrir segja að Heppa sé sker. Hins vegar er hár og strýtumyndaður fjallshnúkur, að nokkru úr líparíti, sem nefndur er Heppa úr Sandvík í S-Múl. en Sandfell frá Barðsnesbæjum. Heppuvogur í Sandvík var af sumum nefndur Hempuvogur og sagt í örnefnaskrá að Hempa sé stapi rétt við land. (Árbók 1957, 11-12). Merking nafnsins virðist því helst vera ‘hóll, hnúkur, klettur eða stapi’. (Árbók 2005,88). Hempu-örnefni eru þekkt víðar á landinu, Hemphóll í Þráinsskjaldarhrauni á Suðurnesjum og Hempusker í Suðureyjum á Breiðafirði.

Streiti eða **Stræti** er bær milli Breiðalsvíkur og Berufjarðar í S-Múl. Aðeins Hauksbók hefur myndina Streiti af Landnámagerðum en aðrar hafa myndina Stræti. Í fornbréfum er ávallt Streiti. (Stefán Einarsson. Breiðdæla, 10). Nafnið merkir skv. því ‘áreynsla, erfiði’, skyld streita og strit. Sjómönnum hafi þótt erfitt að róa fyrir **Streitishvarf**, vegna sjávarstrauma. (Árbók 2002,166-167). Jakob Benediktsson taldi að Streiti hefði upphaflega verið nafn á fjalllinu eða nesinu. En myndina Stræti er erfitt að kveða niður með öllu sem bæjarnafn. Þess eru þó ekki önnur dæmi á Íslandi fyrr en bæir fara að myndast. Orðabók Björns Halldórssonar, sem samin var á 18. öld en gefin út í byrjun þeirrar 19., skýrir orðið stræti sem „Landevej“, ekki aðeins sem götu í bæ (464). Stefán segir að stræti sé tökuorð úr fornensku, úr latínu strata via, steinlagður vegur. „Líklega verða sjómenn ekki síður að streitast við að róa gegn falli og vindi. Það skyldi þó aldrei vera að menn sem voru að róa fyrir Streitislandið og Streitishvarfið undir svona kringumstæðum hefðu gefið landinu þetta erfiða nafn ? Og ekki þarf langt að fara á Austfjörðum til að finna hliðstæður þessarar nafngiftar. Tanginn milli Stöðvarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar sem svarar nákvæmlega til Streitishvars heitir Stremitangi, mun körlum hafa þótt strembið að berja fyrir hamn.“ (Einkennileg örnefni á Austfjörðum, 9-10). Færeyingurinn Eivind Weyhe hefur skrifað um örnefnið Strapulið í Sandavogi í Færeysjum sem hann telur vera af stræti+hlið, en stræti merkir þar „mjó, steinlöögð gata“. Hann nefnir bæinn Stræti/Streiti hér í grein sinni í Fróðskaparriti 2004 og vitna óbeint til Kristian Kálunds, þar sem segir í þýðingu Haralds Matthíassonar: „Fjöllin ganga ekki alveg út til hafs, en milli þeirra og strandar er mjótt grasi gróið láglendi, og liggar þar alfaraleið milli byggðanna. Það er þessi landræma, sem hefur upphaflega verið nefnd Stræti, þ.e. vegur – sbr. Landnámu og hefur bærinn fengið nafn þar af.“ (Íslenskir sögustaðir IV, 47). En Stefán segist hafa rekist á annað Streiti á ferð sinni um Austfirði. Það er í Breiðuvík í Borgarfirði. Það er

nokkuð löng klettabrún framan við Hákarlshaus, tind sunnan við víkina. Brekkurnar upp undir brúnina heita Streitisbrekkur og eru allbrattar. Óskiljanlegt er að merkingin „steinlagður vegur“ eigi við klettabrúnina í Breiðuvík. Hinsvegar hefði fjallsbrúnin á Skorufjalli upp af Streiti getað heitið Streiti engu síður en klettabrúnin í Breiðuvík og hefði bærinn þá getað dregið nafn af henni. **Streitur** (kk) er tangi sem gengur út í Mývatn. **Streitur** (kv flt), Litlu- og Stóru-Streitur eru örnefni inn af Þórólfsfelli í Fljótsdal í Fljótshlíð í Rang. og þar er Streitnagil. Hugsanlegt er að sama fyrirbæri í framburði hafi orðið hér og minnst er á annars staðar að Stræti hafi orðið Streti, sbr. að Austfirðingar hafi sagt María mer, mild og sker (fyrir María mær, mild og skær), en þróunin síðan orðið tvíhljóðunin /ei/ þ.e. Streiti.

Skerfi er klettabelti á Hamri í Hamarsfirði og í Hálsþinghá í Búlandshreppi í S-Mál. Sbr. nýnorska skjerv, skarv ‘nakinn klettur‘ og skärv í sænskum mállýskum í merk. „grjótdys“. Sbr. ísl. orðið skerfur, „brot, hluti, framlag“. (Árbók 1955, 39).

Klyppsstaður í Loðmundarfirði er hugsanlega kenndur við mannsnafnið Klyppr sem einnig var til sem viðurnefni. Það kemur fyrir í norskum örnefnum. Líklega er það skyld klumpur, kleppur og klöpp og merkir skv. Ásgeiri Blöndal „digur, þrekvaxinn“ (481). Þrír menn með þessu nafni eru nefndir í Biskupasögum og Sturlungu.

Spör er keilumyndaður tindur í Spararfjalli í Fáskrúðsfirði í S-Mál. Orðið merkir ‘hak á ljáþjói’. Það er skyld spari og sparri „sperrikubbur eða –tittur“, sbr. sperra. (Árbók 1955, 99).

Krentur er fiskimið úti fyrir Mjóafirði. Í sóknalýsingu 1840 er sagt að mið út af Nípunni séu Krentur og Geirólfsvík (Einar Hjörleifsson, 252). Stefán Einarsson nefnir að á Hellisfjarðarmúla sé sagtennt fjallsegg sem sumir Norðfirðingar kalli Krentur og ætla að orðið sé færeyskt. (Einkennileg örnefni á Austfjörðum, 15). Það er óþekkt í færeysku og hvergi að finna í íslenskum orðabókum heldur. Þó að það þyki e.t.v. langssótt, þá er til í alþýðulatínu orðið crena, sem þýðir „skora; skurður“, og er dregið af því t.d. í frönsku créneau „skotgluggi eða tindur í kastalabréjstvörn“, og af því sánska orðið krenelering „tindabrún“, t.d. á kastala. Í dönsku merkir orðið kreneleret „forsynet med skydeskár; anv. om en takket murkant“ (Fakta 1988, 653). Því má geta sér þess til að nafnið Krentur sé dregið af þessum stofni, og sé hugsanlega komið frá erlendum sjómönnum, en þeir gáfu fiskimiðum oft nöfn eftir sérkennilegum fjöllum á landi. Þessi sagtennta fjallsegg gæti hafa minnt á slíka múnbrún. Í ensku er til orðið crenature (= crenation) sem merkir „bog(sag)tennt blaðskeðing“. (Sören Sörenson. Ensk-ísl. orðabók. 1984, 231).

Nokkur breytt nöfn eða alþýðuskýringanöfn finnast á Austfjörðum. Þannig hafa **Mýrnesskörð** milli Jónsfjalls og Beinageitarfjalls orðið Mínusskörð, **Leiðréttuhraun** er á landamerkjum Hofs og Skeggjastaða í Fellum, líklega af Lýrituhraun. **Fremsta-, Mið- og Ysta-Rjúkandi**, fossar í Hjarðarhaga á Jökuldal, eru nefndir Fremsta-, Mið- og Ysta-Rjúkind í nafnaskrá sóknalýsinga og í texta þeirra „inn við Rjúkendurnar“. Ég heyrði fossana nefnda Rjúfkindur hjá fullorðnum manni á Borgarfirði hér um árið.

Klettagjain **Gusa** á Borgarfirði heitir /Gösa/ í munni eldra fólks og þannig getur verið að flámælisins gæti í fleiri örnefnum.

Að lokum vildi ég vekja máls á því að hægt er nú að skrá örnefni á vef Landmælinga Íslands þar sem loftmyndir og gervitunglamyndir eru notaðar sem undirlag. Sagt er frá þessum möguleika á skráningu örnefna í síðasta fréttabréfi stofnunarinnar, Kvarðanum í maí sl. Örnefnaskrárnar í örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar eru lagðar til grundvallar en skráning hefur t.d. verið gerð á vegum Félags aldraðra í Borgarfjarðardölum, en skráð hafa verið örnefni á 84 jörðum í Borgarfirði með þessum hætti. Sams konar verkefni er að fara af stað í Suður-Þingeyjarsýslu. Væri ekki gerlegt og vel við hæfi að slík skráning á örnefnum á Austfjörðum færi fram hér í Breiðdalssetri ef fé fengist til verksins. Mikið hefur verið kortsett af örnefnum með útgáfu Ferðafélags Íslands á Árbókum Hjörleifs Guttormssonar, þar sem hann hefur lagt sérstaka rækt við að koma örnefnum eins rétt á kortin og hægt hefur verið og það í samráði við heimamenn. Hann hefur líka skrifað sérstakar greinar um þau, Um örnefni og þjóðminjar í Álftafirði í Múlaþing 2003 og Um landabréf og færslu örnefna í Árbók Ferðafélagsins 2002. En í örnefnaskrám er enn meira efni sem eftir er að koma í varanlegan grunn þar sem leiðbeininga staðkunnugra manna er þörf.

Heimildir:

Alþingisbækur Íslands III (1595-1605). Reykjavík 1917-1918.

Árbók 1955. Ferðafélag Íslands. Austfirðir sunnan Gerpis. Eftir Stefán Einarsson prófessor.

Árbók 1957. Ferðafélag Íslands. Austfirðir norðan Gerpis. Eftir Stefán Einarsson prófessor.

Árbók 2002. Ferðafélag Íslands.

Árbók 2005. Ferðafélag Íslands. Austfirðir frá Reyðarfirði til Seyðisfjarðar eftir Hjörleif Guttormsson.

Árbók 2008. Ferðafélag Íslands. Úthérað ásamt Borgarfirði eystra, Víkum og Loðmundarfirði, eftir Hjörleif Guttormsson.

Ásgeir Blöndal Magnússon. Íslensk orðsifjabók. Reykjavík 1989.

Björn Halldórsson. Orðabók . Íslensk – latnesk – dönsk. Ný útgáfa. Jón Aðalsteinn Jónsson sá um útgáfuna. Reykjavík 1992.

Einar Hjörleifsson. Dvergasteins- og Fjarðarsóknir 1840. Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Reykjavík 2000.

Eiríkur Sigurðsson, Með oddi og egg. Minningar Ríkarðs Jónssonar. Reykjavík 1972.

Eivind Weyhe. Jarðarnavnið Strapulið. Fróðskaparrit 52, 2004, 16-21.

Fakta. Gyldendals etbinds leksikon. København 1988.

Guðrún Kvaran. Örnefni í vasabókum Björns M. Ólsen. Fjöruskeljar. Afmælisrit til heiðurs Jónínu Hafsteinsdóttur sjötugri 29. mars 2011. Reykjavík 2011.

Hjörleifur Guttormsson. Um örnenfni og þjóðminjar í Álfafirði. Múlaþing 30, 2003, 58 o. áfr.

Hjörleifur Guttormsson. Um landabréf og færslu örnenfna. Árbók Ferðafélagsins 2002, 294.

Islandske annaler indtil 1578. Udg. ... ved Dr. Gustav Storm. Christiania 1888.

Íslandsatlas. Reykjavík 2006.

Ísleifur Einarsson. Ágrip af Jarðabók 1708-09. Pr. í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII. Fylgiskjöl. Reykjavík 1990. Sjá 417, 421 og 425.

Jón Bergsson. Lýsing Hofs- og Hálssóknna 1840. Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Reykjavík 2000.

Jónína Hafsteinsdóttir. Sérkenni skaftfellskra örnenfna, Orð og tunga 6.

P. E. Kristian Kålund. Íslenzkir sögustaðir IV. Austfirðingafjórðungur. Íslenzk þýðing Haraldur Matthíasson. Reykjavík 1986.

Manntal á Íslandi árið 1703. Reykjavík 1924-1947.

NSL = Norsk stadnamnleksikon. Red. av Jørn Sandnes og Ola Stemshaug. 4. utg. Oslo 1997.

Sigurjón Páll Ísaksson. Kækjuskörð. Múlaþing 32 (2005), 20-33.

Stefán Einarsson. Landnáms- og byggðasaga Breiðdals. Breiðdæla. Drög til sögu Breiðdals. Reykjavík 1948.

Sören Sörenson. Ensk-ísl. orðabók með alfræðilegu ívafi. 1984.

Óprentuð rit:

Einar Hálfdanarson. Gestur (og) garðbúi. ÍB 130, 4to; ÍB 31, 4to. Handritadeild Landsbókasafns Íslands.

Stefán Einarsson. Einkennileg örnenfni á Austfjörðum. Örnfnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Stefán Einarsson. Einkennileg örnenfni í Austur-Skaftafellssýslu og Úthéraði. Örnfnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnfnaskrár í örnenfnasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

